

Borholur í Geiradalshreppi (4501)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/020


Júlí 2013

Inngangur

Gerð er grein fyrir borholum í Geiradalshreppi hinum forna. Þar eru aðeins holur á bænum Kletti. Þar hafa verið boraðar 10 holur en staðsetningar átta þeirra fyrstu eru ekki þekktar þar sem fóðurrörin voru dregin upp. Þær munu þó vera í túninu skammt austur og suðaustur af tveimur síðustu holunum. Í 1. töflu eru almennar upplýsingar um holurnar og á 1. mynd er sýnd staðsetning þeirra.

1. tafla. Upplýsingar um borholur á Kletti í Geiradal.


Staðarnr.	Holuheiti	Lögbýli	Dýpi m	Borár	N-hnit	V-hnit
35741	KL-01	Klettur	18,0	1991	?	?
35742	KL-02	Klettur	24,0	1991	?	?
35743	KL-03	Klettur	39,0	1991	?	?
35744	KL-04	Klettur	39,0	1991	?	?
35745	KL-05	Klettur	36,0	1991	?	?
35746	KL-06	Klettur	34,0	1991	?	?
35747	KL-07	Klettur	110,0	1991	?	?
35748	KL-08	Klettur	36,0	1991	?	?
35749	KL-09	Klettur	420,3	1992/1993	65° 29.255	21° 56.678
35750	KL-10	Klettur	599,3	1993	65° 29.249	21° 56.701



1. mynd. Staðsetning tveggja borholna á Kletti í Geiradalshreppi.

KL-09 - Klettur

Borhola KL-09 á Kletti er undir háu barði um 200 metra suður af bæjarhúsunum (2. mynd). Holan er vestan við læk sem fellur þar niður hallann. Steypt hefur verið í holuna og er hún að öðru leyti illa farin.



2. mynd. Borhola KL-09 á Kletti í Geiradal.

KL-10 - Klettur

Borhola KL-10 er 20 metra suðvestur af holu KL-09 og á sama borteig (2., 3. og 4. mynd). Holan er að mestu opin og illa frá henni gengið. Vatnið er leitt inn í lítinn gám og þar er dæla sem dælir vatninu á bæina sem það nýta. Yfirfall er frá holunni niður í lækinn. Heitt vatn frá holunni er leitt á eftirtalda bæi: Tinda, Ingunnarstaði, Klett og Hóla.



3. mynd. Borhola KL-10 er nær á myndinni og dæluskúrinn fjær.



4. mynd. Yfirfall frá holunni niður í lækinn.